12. Um sumardvalaheimili Odd-Fellowa að Silungapolli. Erindi flutt í tilefni af heimsókn dr. Rögvalds Péturssonar þangað.

---

2 blöð fol.

Þegar þau hjónin, Dr. Rögnvaldur Pétursson og kona hans gerðu oss þá ánægju að heimsækja barnaheimili Odd-Fellowa að Silungapolli nú í sumar, létu þau þá ósk sína í ljósi við mig, að ég segði þeim eitthvað um stofnun og starfrækslu barnaheimilis þessa frá byrjun til þessa tíma. Þetta er mér ljúft að gera og það því fremur sem þessi merku og mætu hjón og Mr. Þorvaldur sonur þeirra hafa frá fyrstu tíð að ég átti því láni að fagna að kynnast þeim, verið þeir Vestur-Íslendingar, sem ég og kona mín hafa jafnan og fyrst allra þeirra er við höfum haft kynni af, minnst með þakklátum huga og góðum endurminningum fyrir margar indælar samverustundir, auk þeirra Mr. J. Bildfell og Mr. Ásmundar Jóhannssonar sérhverju sinni er þau hafa „komið heim" og hitt okkur að máli.

Samverustundirnar hafa að vísu fáar verið, en ávalt hafa þær skilið eftir æ betri og innilegri endurminningar um góða og göfuga menn, sem við gjarnan vildum mega eiga kost á að sjá hér sem oftast og helst aldrei þurfa að skilja við. Segi ég þetta eigi einungis fyrir mig og konu mína, heldur og fyrir alla þá menn hér heima, er þau hafa komizt í kynni við, enda hefi ég komist að raun um þetta hjá öllum þeim er ég hefi talað við um þau öll, en þeir eru margir.

Þetta er orsökin til þess, að ég tel mér það bæði ljúft og skylt, að verða við tilmælum þeirra Dr. Rögnvaldar Péturssonar og konu hans um það að segja þeim og öðrum vinum vorum þar vestra í fáum orðum og stórum dráttum frá því sem ég þekki til um barnaheimili þetta, ef vera skyldi að þeim þætti nokkur fróðleikur í því fólginn, og þeir hefði, eins og þau, áhuga fyrir því að fá einhverja vitneskju um það.

því meir sem fólkinu hefir fjölgað á Íslandi nú á síðasta aldarfjórðungi og einkum í höfuðstað þess, Reykjavík og öðrum fjölbygðustu kauptúnunum, hefir þörfin fyrir barnagarða og leikvelli orðið æ brýnni með ári hverju. Þeir voru engir til áður og eru enn of fáir. Aðbúð barna og uppeldi þeirra er á ýmsan veg breytt frá því sem áður var og jafnvel enn meira vandhæfi á því nú en áður, að koma þessum málum svo vel fyrir, að við megi una. Því þrátt fyrir aukinn lærdóm og kunnáttu, sem börnunum nú er veitt, er aðbúðinni og uppeldinu í ýmsu ábótavant, en einkum þó í því, að börnunum eru ekki veitt þau heilsufars- og þroskaskilyrði sem æskileg væri fyrir þau; má í því efni benda á þörfina fyrir því, að börnin fái að lifa nokkurn hluta ársins og þá einkum að sumrinu til í heilnæmu sveitalofti og njóta meira frelsis en þau eiga kost á
147 í kaupstöðunum, göturykinu þar og ýmiskonar óhollustu, andlegri og líkamlegri. Í sveitunum fá börnin tækifæri til þess að læra ýmiskonar nauðsynlega vinnu, sem þeim er nauðsynleg til stælingar og þroska; þar fá þau einnig tækifæri til þess að umgangast fénað og fugla, skilja tilfinningar þeirra og þarfir; þar fá börnin að lifa á heilnæmu fæði, á heilsusamlegu loftslagi, við reglubundnar hættir og holla siði o.s.frv.

Alt er þetta kunnara en frá þurfi að segja, en þó fer fjöldi barnanna í dag á mis við þessi sjálfsögðu og nauðsynlegu gæði, sem vissulega mætti takast að veita þeim, ef nægileg viðleitni væri í því sýnd.

Nú hefir þessi viðleitni verið sýnd hér um 20 ára skeið, gefist vel og orðið fjölda barna til ómetanlegra bóta: þau hafa mörg náð fullri heilsu, þótt veikbygð hafi verið áður og sú er reynslan um þau börn, sem komist hafa á barnaheimili Odd-Fellowa við Silungapoll; hafa því þeir, Odd-Fellowar, verið hinir fyrstu brautryðjendur í þessu máli sem mörgum öðrum, til dæmis stofnun Holdsveikraspítalans, Heilsuhælisins á Vífilsstöðum, Sjúkrasamlaganna, hjúkrunarmálanna o.fl. o.fl. og hafa síðan ýms önnur félög og samtök landsmanna unnið í kjölfar þeirra um ýmsa starfsemi í sömu átt.

Það er alkunnugt og þegar viðurkent, að fyrsti frjóanginn til berklaveikinnar eru bólgnir kirtlar innvortis og útvortis. Fái þeir að dafna og þroskast á æskuskeiði barnanna, verður berklaveikin þeim að aldurtila á blómaskeiði lífs þeirra, um og yfir tvítugs-aldurinn, en fái börnin nógu snemma að njóta heilnæms fæðis í heilsusamlegu loftslagi, útilegu lífi og hvíldar, hafa þau mörg komist, eins og áður er sagt, til góðrar heilsu. Þetta leyfi ég mér að fullyrða, því reynslan hefir sýnt það og margir ágætir læknar viðurkent það.